

**625. fundur haldinn fimmtudaginn 14. desember 2000 kl. 11:00
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mætt:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Stefán Sigurðsson, fulltrúi SAF
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Umhverfisverkefni 2001

Lögð var fram tillaga umhverfisfulltrúa að verkefnum í umhverfismálum árið 2001. Tillagan er nánari útfærsla á samþykktri verkefnaáætlun ráðsins frá í júlí 2000.

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt og jafnframt að unnin skyldi verkefnaáætlun til tveggja ára í senn í þessum málaflokki. Umhverfisfulltrúi hafi heimild innan fjárhagsáætlunarinnar til kaupa á ráðgjöf við þá vinnu.

3. Umræða um drög að svari til samgönguráðherra vegna slysa og öryggismála.

Afgreiðsla: Umræðu frestað til næsta fundar og ráðsmenn hvattir til að kynna sér umrædd drög.

4. Fjölmiðalbikar Ferðamálaráðs fyrir árið 2000.

Formaður lagði til að bikarinn yrði veittur Gunnari Marel Eggertssyni skipstjóra á Íslendingi.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Kynning á tillögum varðandi framlög til ferðamála í frumvarpi til fjárlaga.

Ferðamálastjóri fór yfir þær tillögur sem eru í frumvarpi til fjárlaga og varða Ferðamálaráð.

Afgreiðsla: Ferðamálastjóri mun vinna tillögur að fjárhagsáætlun ráðsins fyrir næsta fund ráðsins.

6. Önnur mál

Fundi var slitið kl. 12:30 og var haldið í Þjóðmenningarhúsi til afhendingar Nýsköpunarverðlauna Ferðamálaráðs til Geysistofu og Vestmannaneyjabæjar.